

## 1998 nr. 77 15. júní

### Lög um lögmenn

Tóku gildi 1. janúar 1999. *Breytt með 1. 36/1999 (tóku gildi 1. maí 1999), 1. 93/2004 (tóku gildi 1. nóv. 2004; EES-samningurinn: VII. viðauki tilskipun 77/249/EBE og 98/5/EB), I. 33/2007 (tóku gildi 30. mars 2007), I. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), I. 95/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), I. 60/2010 (tóku gildi 19. júní 2010), I. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), I. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og I. 145/2013 (tóku gildi 1. febr. 2014 nema 2–4. mgr. 24. gr. sem tóku gildi 1. júní 2014).*

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að mállefnaðvið sé tilgreinir sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríksráðherra** eða **innanríksráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### I. kaffi. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** [Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður.]

□ Lögin taka einnig, eftir því sem við á, til lögmanna sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimlands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur nánari reglur<sup>2)</sup> um skráningu, skyldur, réttindi og störf slíksra lögmanna hér á landi, þar með talda þátttöku í félagi um rekstur lögmannsþjónustu.

□ Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 275. gr. <sup>2)</sup> Rg. 896/2004, sbr. 355/2007. Rg. 648/2005, sbr. 354/2007. <sup>3)</sup> L. 93/2004, 1. gr.

■ **2. gr.** Ef aðili fer ekki sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða sá sem að lögum getur verið fyrirsvarsmaður hans í dómsmáli verður ekki öðrum en lögmanni falið að gæta þar hagsmunu hans, sbr. þó 3. mgr.

□ Ákvæði 1. mgr. gilda um [sakamál]<sup>1)</sup> með þeim takmörkunum sem kann að leiða af heimildum í lögum til að fela öðrum en lögmanni að koma þar fram sem verjandi, réttargæslumaður eða talsmaður sakbornings eða [brotaþola].<sup>2)</sup>

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur málsaðili falið þeim sem starfar sem lögmáður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hefur heimild til að fara þar með mál annarra fyrir dómtóli að gæta hagsmunu sinna í máli fyrir samsvarandi dómtóli hér á landi . . .<sup>3)</sup> . . .<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>2)</sup> L. 36/1999, 48. gr. <sup>3)</sup> L. 33/2007, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 93/2004, 2. gr.

#### II. kaffi. Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmanna.

■ **3. gr.** Lögmenn skulu hafa með sér félag sem nefnist Lögmannafélag Íslands. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmenn.

□ Lögmannafélag Íslands setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

□ [Í tengslum við Lögmannafélag Íslands skal starfa sjálfstæð úrskurðarnefnd lögmanna sem leysir úr málum eftir ákvæðum þessara laga. Úrskurðarnefndin hefur lögsgöu yfir lögmönnum sem starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. Skal nefndin skipuð þremur mönnum og jafnmögum til vara. Skal hver nefndarmaður eiga þar sæti í þrjú ár í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Einn nefndarmaður skal skipaður af Lögmannafélagi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þess, einn skal skipaður af [ráðherra]<sup>1)</sup> og einn skipaður af Hæstarétti Íslands, en hann skal vera úr röðum sjálfstætt starfandi lögmanna sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæsta-

réttardómara. Nefndin kýs sér sjálf formann til eins árs í senn.]<sup>2)</sup>

□ Lögmannafélag Íslands ber kostnað af þeim störfum sem því og úrskurðarnefnd lögmanna eru falin með lögum. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.

□ Lögmannafélagi Íslands er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem lögmönnum er frjálst að ákveða hvort þeir eiga aðild að. Skal fjárhagur slíksra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 3. gr.

■ **4. gr.** Meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna fer eftir stjórnsýslulögum nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Nefndin setur sér innan þess ramma nánari reglur um meðferð einstakra málaflokkja.

□ Ákvarðanir úrskurðarnefndar lögmanna sæta hvorki stjórnsýslukæru né málskotu innan Lögmannafélags Íslands.

■ **5. gr.** Lögmannafélag Íslands kemur fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómtólum og stjórnvöldum um þau mállefni sem stétt þeirra varða.

□ Lögmannafélag Íslands setur siðareglur fyrir lögmenn.

□ Lögmannafélag Íslands skal stuðla að því að sérvher sem þarfnað aðstoðar lögmans fái notið hennar, enda hlíti hann þá ráðum lögmannsins og tryggi greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir aðstoðina.

#### III. kaffi. Lögmannsréttindi.

■ **6. gr.** Réttindi til að vera héraðsdómslögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum lögmans,

2. hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,

3. hefur óflekkad mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis,

4. [hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla],<sup>1)</sup>

5. stenst prófraun skv. 7. gr.

□ Vfkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum Lögmannafélags Íslands ef umsækjandi hefur haft forræði á fí sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

□ Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul.

1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv.

1. mgr. 7. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi nægra þekkingu á íslenskum lögum. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

□ [[Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt að setja í reglugerð<sup>3)</sup> fyrirmæli um undanþágu frá skilyrði 5. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.]<sup>1)</sup>

□ [Erlendum lögmönnum sem heimild hafa til að starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. má veita héraðsdómslögmannsréttindi. [Ráðherra]<sup>2)</sup> setur nánari reglur<sup>4)</sup> um veitingu réttindanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>3)</sup> Rg. 900/2004. <sup>4)</sup> Rg. 896/2004, sbr. 355/2007.

■ **7. gr.** [Umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Dómara-

félags Íslands en þann þriðja án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi lögmaður. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.<sup>2)</sup>

□ [Prófraun til oflnunar lögmannsréttinda skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Lögmannafélag Íslands og þá háskóla sem kenna lögfraði til embættis-eña meistaraprófs, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð,<sup>3)</sup> sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.]<sup>2)</sup>

□ Efnt skal til námskeiðs og prófraunar ekki sjaldnar en annað hvort ár.

□ Að fenginni tillögum prófnefndar ákveður [ráðherra]<sup>1)</sup> gjald sem umsækjendur greiða fyrir að breyta prófraun. Skal fjárhæð þess taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófraunarinna.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 5. gr. <sup>3)</sup> Rg. 1095/2005, sbr. 197/2006, 152/2007 og 761/2007.

■ **8. gr.** Umsókn um leyfi til að vera héraðsdómslögmaður skal beint til [sýslumanns].<sup>1)</sup> Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlöögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.

□ [Sýslumaður]<sup>1)</sup> gefur út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni.

□ Héraðsdómslögmaður má gæta hagsmunu aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 17. gr.

■ **9. gr.** [Réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægar þessum skilyrðum:

1. hefur haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár,

2. fullnægar þeim kröfum sem er getið í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr.,

3. hefur flutt ekki færri en 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli, þar af a.m.k. 10 einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða fengið hafa leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar,

4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt eru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin].<sup>1)</sup>

□ [Sá sem breyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal tilkynna Hæstarétti þá ósk sína og sýna fram á, með staðfestingu [sýslumanns],<sup>2)</sup> að hanp fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Dómdendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi stenst prófraun.]<sup>1)</sup>

□ Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur [sýslumaður]<sup>2)</sup> vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómarambætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur [sýslumaður]<sup>2)</sup> vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja [sakamál]<sup>3)</sup> fyrir Hæstarétti.

□ [Ráðherra]<sup>4)</sup> er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um

undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr. sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 145/2013, 17. gr. <sup>3)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>4)</sup> L. 162/2010, 155. gr.

■ **10. gr.** Umsókn um leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður skal beint til [sýslumanns].<sup>1)</sup> Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.

□ [Sýslumaður]<sup>1)</sup> gefur út leyfisbréf handa hæstaréttarlögmanni.

□ Hæstaréttarlögmaður má gæta hagsmunu aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins.

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 17. gr.

■ **11. gr.** Lögmaður getur ráðið til starfa hjá sér fulltrúa sem fullnægar skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. Leita skal staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að skilyrðum þessum sé fullnægt og leggja fyrir það gögn því til stuðnings.

□ Að fenginni staðfestingu skv. 1. mgr. skal lögmaður tilkynna dómstólum um ráðningu fulltrúa. Getur lögmannafulltrúi upp frá því sótt þing fyrir öðrum dómstólum en Hæstarétti í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns og gætt þar hagsmunu umbjóðanda vinnuveitandans, en þó ekki við munnlega sönnunarfærslu eða aðalmeðferð máls. Lögmanni ber að tilkynna dómstólum og Lögmannafélagi Íslands ef fulltrúi hans lætur af störfum.

□ Lögmaður getur ráðið annan lögmann til starfa hjá sér. Ber lögmaður ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns, svo og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti.

■ **12. gr.** [Lögmanni er skyld að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan vörlufjárrrekning í viðurkenndri bankastofnun og gilda starfsábyrgðartryggingu, allt samkvæmt því sem nánar segir í 19., 23. og 25. gr.

□ Lögmaður getur sótt um undanþágu til Lögmannafélags Íslands frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan hann:

1. gagnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður,

2. starfar hjá öðrum lögmanni, sbr. 3. mgr. 11. gr., eða

3. gagnir föstu starfi hjá félagasamtökum, enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og skal þjónustan falla innan starfssviðs samtakanna.

□ Lögmaður sem leitar undanþágu skv. 2. mgr. skal leggja fram samþykki vinnuveitanda síns fyrir henni. Ef undanþágu er leitað skv. 2. tölul. 2. mgr. skal fylgja staðfesting um þá ábyrgð vinnuveitanda sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. Ef undanþágu er leitað skv. 3. tölul. 2. mgr. ber vinnuveitandi hús-bónandaábyrgð á fjárvörslu og þeim störfum lögmannsins sem starfsábyrgðartryggingar nái til.

□ Með undanþágubeiðni skv. 1. eða 3. tölul. 2. mgr. skal lögmaður láta fylgja yfirlýsingu sína um að hann muni einungis nýta réttindi sín innan þeirra marka er þar greinir.

□ Vinnuveitanda jafnt sem lögmanni er skyld að tilkynna Lögmannafélagi Íslands ef vinnumsambandi þeirra er slitid.

□ Ef lögmaður fullnægar annars ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. ber honum að leggja réttindi sín inn til [sýslumanns]<sup>1)</sup> og skulu þau lýst óvirk.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 7. gr.

■ **13. gr.** [Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmansréttindum skv. 6., 9. og 12. gr.]

□ Lögmanni er skylt að veita Lögmánnafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda, sem félagið tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr. Ber sá sem gegnir eftirliti þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um, að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins. Ákveði stjórn félagsins að fela endurskoðanda félagsins að rannsaka fjáreiður lögmánnar er félagini heimilt að krefja lögmánninn um greiðslu kostnaðar við rannsóknina, enda hafi hún verið verulega yfirgrípsmikil og leiði í ljós misfellur í starfi.

□ Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir ber Lögmánnafélagi Íslands að leggja til við [sýslumann] <sup>1)</sup> að réttindi hans verði felld niður. Skal [sýslumaður] <sup>1)</sup> taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

□ Hafi lögmaður sem ákvæði 23. gr. tekur til ekki skilað stjórn Lögmánnafélags Íslands yfirlýsingum um stöðu vörlusfjárekniðings skv. 2. mgr. 23. gr. fyrir 1. október á hvert, eða slík yfirlýsing hefur ekki reynst fullnægjandi, ber Lögmánnafélagi Íslands að leggja til við [sýslumann] <sup>1)</sup> að réttindi hans verði felld niður. Skal [sýslumaður] <sup>1)</sup> taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 8. gr.

■ **14. gr.** [Nú berst úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmánni og telur sýnt að hann hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera lögmaður. Getur þá nefndin í rökstuddu áliti lagt til við [sýslumann] <sup>1)</sup> að réttindi lögmánnans verði felld niður tímabundið eða hann sviptur réttindum ef sakir eru miklar. Nefndin getur lagt til niðurfellingu eða sviptingu þó svo að lögmaðurinn hafi lagt réttindi sín inn til [sýslumanns] <sup>1)</sup> og þau hafi verið lýst óvirk skv. 2. mgr. 15. gr. □ [Sýslumann] <sup>1)</sup> ber að taka afstöðu til tillögu skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 9. gr.

■ **15. gr.** [Taki lögmaður við opinberu starfi sem [sýslumaður] <sup>1)</sup> telur ósamrýmanlegt handhöfn virkra lögmánnarettinda skal hann leggja réttindi sín inn til [sýslumanns] <sup>1)</sup> og skulu réttindin lýst óvirk.]

□ Lögmanni er alltaf frjálst að leggja réttindi sín inn til [sýslumanns] <sup>1)</sup> og skulu þau þá lýst óvirk.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 10. gr.

■ **16. gr.** [Hafi [sýslumaður] <sup>1)</sup> lýst réttindi lögmánnans óvirk, þau fallið niður eða verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir skulu þau lýst virk að nýju eða veitt honum að nýju eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar, enda fullnægi hann öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra. Hafi réttindi lögmánnans verið felld niður skv. 4. mgr. 13. gr. skal að auki leita staðfestingar Lögmánnafélags Íslands á því að umsækjandi hafi skilað til félagsins fullgildri yfirlýsingum um stöðu vörlufjárekniðings.]

□ Hafi lögmaður verið sviptur réttindum samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera heráðsdómslögmaður. Slíka

heimild veitir [sýslumaður]<sup>1)</sup> að fengnum meðmælum Lögmánnafélags Íslands.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 11. gr.

■ **17. gr.** [[Sýslumaður]<sup>1)</sup> skal auglýsa veitingu réttinda í Lögbirtingablaði. Sama gildir um sviptingu þeirra, svo og ef þau eru felld niður, falla sjálfkrafa niður eða eru lýst óvirk.

□ [Sýslumaður]<sup>1)</sup> skal halda skrá um lögmenn sem hafa virk lögmánnarettindi. Skal þar greina sérstaklega þá sem hafa hlotið undanþágu með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 12. gr. Skrá þessi skal vera opin almenningi.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 12. gr.

#### IV. kaffli. Störf lögmanna.

■ **18. gr.** Lögmönum ber í hvívetna að rækja af aluð þau störf sem þeim er trúð fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarkinna hagsmunu umbjóðenda sinna.

■ **19. gr.** Lögmánni ber sjálfum að starfa á skrifstofu sinni. Reki hann útbú frá skrifstofunni má hann þó fela öðrum lögmanni í þjónustu sinni að veita því forstöðu.

□ Telji lögmaður sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars síns að hafa opna skrifstofu má hann leita undanþágu Lögmánnafélags Íslands frá skyldu til þess.

□ Lögmönum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfrir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Slík takmörkun breytir ekki því að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum.

□ Öðrum en lögmönum er óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmanns eða eiga hlut í því. Við andlát lögmanns getur þó Lögmánnafélag Íslands veitt dánarbúi hans eða erfingjum tímabundna heimild til að eiga og reka slíkt félag. Sams konar heimild má veita þrotabúi ef bú lögmanns er tekið til gjaldþrotaskipta.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 13. gr.

■ **20. gr.** Lögmánni er skylt að taka við skipun [eða tilnefningu]<sup>1)</sup> sem verjandi eða réttargæslumaður í [sakamáli],<sup>2)</sup> enda fullnægi hann til þess hafisskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmunu að gæta vegna sjálfss síns, venslumanns síns eða annars umbjóðanda síns.

□ Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. er lögmánni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um.

<sup>1)</sup> L. 36/1999, 48. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

■ **21. gr.** Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómping fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmunu aðilans nema það gagnstæða sé sannað.

□ Sé ekki sýnt fram á annað felur umboð aðila til lögmanns í sér heimild til að gera hvaðeina sem venjulegt má telja til að gæta hagsmunu fyrir dómi. Innan þeirra marka er umbjóðandi bundinn af ráðstöfun lögmanns þótt hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi hefur veitt honum.

□ Lögmaður getur ekki tekið við greiðslu svo bindandi sé gagnvart umbjóðanda nema hann hafi til þess sannanlegt umboð.

□ Lögmánni er skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómping, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar mális eða munnligrar sönnunarfærslu.

□ Umbjóðanda er ætlið heimilt að kalla aftur umboð sitt til lögmanns. Ákvæði um annað í umboði eru ekki skuldbindandi.

□ Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

■ **22. gr.** Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúð fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

□ Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfss, venslumannna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi tormerki geti risið við rækslu starfans.

■ **23. gr.** [Lögmanni sem ekki hefur fengið undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. er skylt að halda fjármunum þeim sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fó og er skylt að hafa sérstakan vörlufjárreikning í viðurkenndri bankastofnum og varðveita þar slíka fjármuni.

□ Lögmaður skal fyrir 1. október ár hvært senda Lögmannafélagi Íslands, á þar til gerðu eyðublaði, yfirlysingu sem staðfest er af löggiltum endurskoðanda um að staða vörlufjárreiknings hinn 31. desember fyrra árs sé ekki lægri en staða vörlufjár samkvæmt bókhaldi lögmannsins. Samtímis skal lögmaður senda félagini upplýsingar um verðbréf sem voru í hans vörlu 31. desember fyrra árs sem staðfestar eru af löggiltum endurskoðanda.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal setja nánari reglur<sup>2)</sup> um vörlufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1192/2005. <sup>3)</sup> L. 93/2004, 14. gr.

■ **24. gr.** Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og skal umbjóðanda hans eftir því sem unnt er gert ljóst hvert það gæti orðið í heild sinni. Par á meðal getur lögmaður áskilið sér hluta af þeiri fjárhæð sem umbjóðandi fær greitt í máli, svo og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

□ Loforð um ósanngjarnit endurgjald fyrir starf lögmanns bindur ekki umbjóðanda hans.

□ [[Ráðherra]<sup>1)</sup> skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar<sup>2)</sup> handa lögmönum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu, sbr. 24. gr. a. Lögmönum er óheimilt að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.]<sup>3)</sup>

□ ...<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> Augl. 450/2013. <sup>3)</sup> L. 60/2010, 6. gr. <sup>4)</sup> L. 95/2008, 22. gr.

■ **[24. gr. a.]** Lögmenn annast löginnheimtu. Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarsлага og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrsetningu, lögbanum o.fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða tilkynningum sem samrýmast góðum lögmannsháttum.

□ Við löginnheimtu skv. 1. mgr. er lögmanni óheimilt að áskilja sér endurgjald skv. 3. mgr. 24. gr. af þeim hluta kröfum sem fallinn er í gjalddaga vegna gjaldfellingar eftirstöðva skuldar sökum vanefnda á greiðslu afborgunar eða vaxta.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2010, 7. gr.

■ **25. gr.** Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.

□ Lögmönum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu<sup>1)</sup>

hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands getur [ráðherra]<sup>2)</sup> ákveðið með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> skal að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands og umsögn Fjármálaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á svíði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanns. Sjálfssáhættu vátryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á stöðu þriðja manns.

□ Lögmanni er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemí að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar skv. 3. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

<sup>1)</sup> Rg. 200/1999. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 155. gr.

#### V. kafli. Ágreiningur um störf lögmannna.

■ **26. gr.** Ef lögmann greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir úrskurðarnefnd lögmanni. [Nefndin vísar frá sér ágreiningsmáli um endurgjald ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að kostur var á að koma því á framfæri.]<sup>1)</sup>

□ Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. Áður en það er lagt fyrir úrskurðarnefndina verður það ekki boríð undir dómistóla á meðan málið er þar rekið.

□ Ef lagt er fyrir úrskurðarnefndina ágreiningsefni sem dómsmál er rekið um getur hún að ósk annars eða beggja aðila látið í té álitserð til afnota þar. Hafi dómsmáli verið lokið um ágreiningsefnið vísar nefndin því frá sér.

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 15. gr.

■ **27. gr.** Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr. og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmannana kvörtun á hendur lögmanninum. Nefndin vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðið frá því að kostur var á að koma henni á framfæri.

□ [Í máli skv. 1. mgr. getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrek-að sætt áminningu getur nefndin brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 16. gr.

■ **28. gr.** Mál skal lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmannana með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. Fyrningu kröfu er slitið þegar nefndinni berst erindi um hana.

□ [Úrskurðarnefndinni er heimilt að taka upp hæfilegt málagjald sem greiða skal við framlagningu ágreiningsmáls eða kvörtunar fyrir nefndinni. Sé grundvöllur fyrir erindinu staðreyndur með úrskurði nefndarinnar skal endurgreiða innheimt málagjald til málshefjanda.]<sup>1)</sup>

□ [Úrskurðarnefndinni er heimilt að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna reksturs mál fyrir henni.

□ Úrskurðarnefndinni er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða að málsaðilar greiði kostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar við mál þeirra.]<sup>1)</sup>

□ Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógilding-

ar á úrskurði hennar eða sátt sem er gerð fyrir henni eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.

□ Úrskurði nefndarinnar eða sátt sem kemst á fyrir henni má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 17. gr.

## VI. kaffli. Ýmis ákvæði.

■ **29. gr.** Það varðar sektum að taka að sér starfa sem lög-menn mega einir gegna skv. 2. gr. ef sá sem það gerir hefur hvorki réttindi sem lögmaður né starfar sem lögmannsfull-trúi. Einnig varðar sektum að bjóða öðrum þjónustu sem lög-maður ef þann sem það gerir skortir til þess réttindi.

□ [Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður, hér-aðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður eða skammstaf-anirnar hdl. og hrl. sem hefur virk réttindi samkvæmt lögum þessum og uppfyllir ákvæði 12. gr. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.]<sup>1)</sup>

□ [Það varðar sektum að nota starfsheiti erlendra lögmannna sem greind eru í reglum sem [ráðherra]<sup>2)</sup> setur skv. 2. mgr. 1. gr. án þess að hafa hlutið tilskilið starfsleyfi í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.]<sup>3)</sup>

□ Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ [Ráðherra er heimilt að ákveða að þau verkefni sem sýslumönnum eru falin í lögum þessum verði á hendi eins sýslumanns.<sup>3)</sup> Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til ráðuneytis.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 18. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>3)</sup> Rg. 90/2014, sbr. 1152/2014. <sup>4)</sup> L. 145/2013, 18. gr.

## VII. kaffli. Gildistaka o.fl.

■ **30. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. . . .

■ **31. gr.** Með lögum þessum raskast ekki réttindi héraðs-dómslögmannna og hæstaréttarlögmannna sem hafa verið veitt fyrir gildistöku þeirra, þar á meðal réttindi skv. 2. mgr. 9. gr. eldri laga.

□ . . .<sup>1)</sup>

□ Hafi lögmaður verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. janúar 1999 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný.

□ . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 19. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** [Pegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmannna samkvæmt lögum þessum skulu einn aðalmaður og varamaður hans skipaðir til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þriðji aðalmaður ásamt varamanni til þriggja ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn með hlutkesti þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

□ Skipað skal í fyrsta sinn í prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. laganna þegar skipunartími prófnefndar sem skipuð var samkvæmt eldra ákvæði rennur út.

□ Sá sem hefur við gildistöku laga þessara fengið viðurkenningu prófnefndar á prófmáli til flutnings fyrir Hæstarétti í samræmi við ákvæði 9. gr. laganna skal eiga þess kost að ljúka prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. desember 2005, enda hafi umsókn um viðurkenningu prófnefndar á síðara prófmáli borist nefndinni fyrir 10. nóvember 2005.

□ Prófnefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laganna skal starfa til 30. nóvember 2005.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 20. gr.